

## AUGLÝSING

### um samþykkt á nýju deiliskipulagi í Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur samþykkt nýja deiliskipulagsáætlun sem hér segir:

*Víkingaveröld á Langahrygg í landi Selholts.*

Um er að ræða nýtt deiliskipulag fyrir Víkingaveröld sem gefur innsýn í það umhverfi sem menn bjuggu við á þjóðveldisöld (11. og 12. öld). Á lóðinni er gert ráð fyrir að rísi m.a. þjóðveldisbær, smiðja, stafkirkja, fjós og þingbúðir og ýmis konar önnur mannvirki, allt í fornum stíl.

Ofangreind ný deiliskipulagsáætlun hefur hlotið meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

*F.h. Mosfellsbæjar, 5. febrúar 2018,*

**Ólafur Melsted** skipulagsfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 6. febrúar 2018